



Árnesi, 15 september, 2020

Raðnúmer fundar í GoPro skjalakerfi 202009-0003

10. Fundargerð:

Skólanefnd Skeiða og Gnúpverjahrepps. Þjórsárskóli.

Viðstaddir

Anna Kr. Ásmundsdóttir, Anna Maria Flygenring, Bjarni Hlynur Ásbjörnsson, Bolette Högh Koch, Einar Bjarnason, Ingvar Þrándarson, Karen Kristjana Ernstsdóttir, Kjartan Á Ágústsson

Fundargerð:

* * *

1. Rekstur staða og horfur í starfi Þjórsárskóla
2. Skólakstur
3. Skólanámsskrá
4. Drög að starfsáætlun
5. Önnur mál

Einar setti fund kl. 15:35

1. Skólaakstur

Bolette skýrði frá því að skipulag og framkvæmd skólaakstursins hafi gengið vel þetta haustið. Gagnrýni kom fram á skólaaktur við Flúðaskóla þar sem mismunur á dagskrá skólanna og breytingar í Flúðaskóla kosti Þjórsárskóla töluvert í akstri. Einnig var nefnt skipulag skólakstursins þar sem yngri börn þurfa að skipta um bíl á Sandlækjarholti fyrir fáa nemendur sem fara að Flúðum.

2. Rekstur staða og horfur.

Bjarni skýrði frá rekstri skólans sem er á pari við áætlun ársins, þrátt fyrir hækkun launakostnaðar. Hann skýrði einnig frá samanburði kostnaðar og nemendafjölda frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga frá árinu 2018.

3. Skólanámsskrá.

Bolette lagði fram almennan hluta skólanámsskráar. Skólanámsskrá hefur verið uppfærð með upplýsingum um fjölda nemenda ofl. við upphaf skóla í haust. Skólanámsskráin var staðfest.

4. Drög af starfsáætlun lögð fram.

Bolette kynnti drög að starfsáætlun vetrarins. Viðburðir eru með öðru sniði en fyrr. Starfsáætlunin var staðfest

5. Önnur mál

Sumarlestur. 39 nemendur af 45 tóku þátt í sumarlestri. Þau fengu viðurkennigarvott fyrir þátttökuna.

Nýr starfsmaður leysir stuðningsfulltrúa af í barnsburðarleyfi í eitt ár.



Skeiða- og Gnúpverjahreppur - www.skeidgnup.is

Árnesi, 801 Selfoss Sími: 486 6100 Kennitala 540602-4410 skeidgnup@skeidgnup.is www.skeidgnup.is

Práðlaust net skólans er nánast óvirkt og þarf að endurnýja búnað í húsinu. Óskað var eftir tilboði í búnað á síðasta ári sem þótti nokkuð hátt. Engar endurnýjanir áttu sér stað. Ekki verður lengur búið við netleysi.

Fundi slitið kl. 16:20 Næsti fundur ákveðinn 27.10. kl 15.30.

Fundarritari Bjarni H. Ásbjörnsson

Bjarni H. Ásbjörnsson
Anna K. Þell -
Kjartan H. Aggrísson
Björkhe H. Koch
Kerri Kristjána Þorsteinsdóttir
Ingvor Brándarson
Róma M. Flygennið